

# 90 ára mannúðarstarf Oddfellowreglunnar á Íslandi

Rætt við Jón Sigtryggsson stórsír Reglunnar, sem er í 29 deildum og telur 2.200 reglusystkini

**M**argir hafa heyrt Oddfellowreglunnar getið, en miklu færri vita um afrekin á sviði mannúðar- og heilbrigðismála sem unnin hafa verið í krafti hennar. Þau afrek hafa verið unnin málefna vegna en ekki til þess

að vekja sérstaka athygli á Reglunni. Hér á eftir gefst tækifæri til að fræðast dálítið um þá hlið starfseminnar, meðal annars.

Jón Sigtryggsson, Stórsír, er virðulegur og ljúfur maður í viðkyrningu og ánægjulegt að fá að njóta leiðsagnar hans um Oddfellowhúsið, sem telur fimm hæðir, en þar fara fundir fram og önnur starfsemi reglunnar. Mörg glæsileg listaverk er þar að finna eftir meistara þjóðarinnar, svo sem Ásgrím Jónsson, Gunnlaug Blöndal, Þórarinn B. Þorláksson og margi fleiri. Það má geta þess að Þórarinn var félagi í Reglunni, stúku nr. 1, Ingólfi, fyrstu Oddfellowstúkunni á Íslandi.

Ennfremur er kominn vísir að minjasafni, sem verður all mikið að vöxtum, þegar öllu hefur verið komið fyrir, og jafnframt er verið að koma upp bókasafni. Jón segir að ágætis bókasafn hafi verið til í gamla daga, en það muni hafa tvístrast mjög í flutningum gegnum tíðina.

Meðal annarra muna er þarna sparibankur úr málm, og segir Jón að þannig hafi fyrstu sparibankarnir litið út sem settir voru í umferð hér á landi. Þeir voru framleiddir að undirlagi stúkunnar Ingólfs í samvinnu við Landsbankann árið 1903 og eru eftirlíking af Íslandsbanka. Hugmyndin var að auka áhuga fólks á sparifjáröfnun, en mun ekki hafa hlotið góðar undirtektir, sparifé líklega verið af skornum skammti.

Þarna eru einnig fimm gerðir veggskjaldar úr postulni (Bing & Gröndal). Oddfellowbræður í Danmörku létu framleiða þá og seldu síðan á frjálsum markaði og öfluðu þannig mikils fjár til byggingar Holdsveikraspítalans í Laugarnesi, sem við komum nánar að síðar.

Jón bendir mér á annan skjöld. „Sjáðu þennan herna. Þegar stúkan Ingólfur minnt-



Jón Sigtryggsson, stórsír Oddfellowreglunnar. Á veggnum á bak við hann hangir mynd af Birni Jónssyni, sem var einn af stofnendum fyrir 90 árum.

ist 60 ára afmælis síns fyrir þrjátíu árum, var þessi skjöldur gerður með merki stúkunnar, en það er mynd af Ingólfi Arnarsyni eins og Einar Jónsson myndhöggvari ímyndaði sér hann. En staðreyndin var sú, að árið 1901 var hann fenginn til að gera tilöggu að merki og einnig Þórarinn B. Þorláksson málarí. Teikning Einars varð

fyrir valinu, en hún er nánast sama myndin og líkneski Ingólfs Arnarsonar var gerð eftir og stendur á Arnarhóli.

Á veggjum hanga ótal myndir af bræðrum Oddfellowreglunnar, bæði upphafsmönnum hennar hér, dönskum og innlendum sem og öðrum, sem á eftir komu. Áberandi þáttur eru myndir af konum, en innan þessarar hreyfingar starfa kvennastúkur, svokallaðar Rebekkustúkur, en fyrsta Rebekkustúkan var stofnuð hér á landi hinn 21. maí 1929. Jón tjáir mér, að nú séu starfandi á landinu 29 Regluedeildir og félagar telji 1.561 karlmann og 639 konur, eða 2.200 Reglusystkin alls. Fjölgun er jöfn frá ári til árs, bæði hjá körlum og konum.


## FYRSTA VERKEFNIÐ: SJÚKRÁHÚS FYRIR HOLDSVEIKA

En hvað gerði það að verkum, að Oddfellowreglan tók sér bólfestu á Íslandi fyrir 90 árum?

„Það kom nú eiginlega ekki til af góðu, því segja má að holdsveikin, sú ógnvekjandi plága, hafi verið aðal hvatinn að því. Fyrsta skráða heimildin um holdsveiki hér á landi er frá árinu 1413, en þá var sjálfur biskupinn í Skálholti holdsveikur, og þess vegna hefur það líklega verið skráð. En hvað viðkemur Oddfellowreglunni, þá gerðist það sumarið 1894 að danski læknirinn Dr. Edvard Ehlers kom hingað til lands í því augnamiði að kanna útbreiðslu holdsveikinnar hér. Á Landsbókasafninu má sjá bunka af ritum eftir dr. Ehlers um þessar kannanir og lýsingin er vægast sagt ófögur. Hann segir m.a. „að á moldargólfum torfbæjanna hafi börn, kettir og hundar velst um í ólýsanlegum óþrifum og þar af leiðandi átti sullaveikin, ein aðal meinsemd-


Í tilefni þess að 90 ár eru liðin síðan

Oddfellowreglan hóf starfsemi sína á Íslandi, tók Jón Sigtryggsson, yfirmaður Reglunnar hér, á móti sendimanni Lesbókarinnar í húsakynnum samtakanna, Oddfellowhúsinu við Vonarstræti. Markmiðið var að kynna verkefni Reglunnar í stórum dráttum þessi 90 ár og ganga um húsið í leiðinni, en það hefur að geyma margar og merkar minjar frá liðinni tíð.



Stofnendur stúkunnar Ingólfs fyrir 90 árum: Björn Jónsson, æðsti maður stúkunnar, Halldór Danielsson, Guðmundur Björnsson, Guðbrandur Finnbogason og Sighvatur Bjarnason.

Eftir ELLÝ VILHJÁLMSDÓTTUR




Myndin er tekin í ágúst 1985, þegar æðsti yfirmaður Reglunnar í heiminum 1984-85, Lorin D. Swift, var hér í heimsókn. Hann heilsar hér Sigurbirni Sigtryggssyni, yfirmeistara í stúku nr. 1, Ingólfi.



Myndin er tekin á 25 ára afmælishátíð stúku nr. 10, Þorfinns karlsefnis, 24. janúar, 1987. Hér eru þeir af stofnendum stúkunnar, sem voru á afmælishátíðinni. Fremri röð, frá vinstri: Hilmar Garðarsson, Karl Jónasson, Ólafur Helgason, Árni Garðar Kristinsson. Aftari röð frá vinstri: Jóhann Sigfússon, Árellius Niels-son, Benony Kristjánsson, Guðni Þorgeirsson, Vilhjálmur Þórðarson og Gísli Þorgeirsson.



Mynd tekin á 60 ára afmælishátíð stúku nr. 1, Ingólfs, 1. ágúst, 1957. Fyrir miðju sést aftan á Bjarna Konráðsson dósent og lækni. Talið frá vinstri: Frú Ingibjörg Þórólfsdóttir, Halldór Þórðarson, vélstjóri, þá næstu hefur ekki tekist að bera kennsl á, en við enda borðsins er frú Jóhanna Pétursdóttir og áfram til hægri: Carl Hemming Sveins, sölustjóri, frú Móiður Guðjónsdóttir, Kristján Kristjánsson, borgarfégeti, frú Margrét Ásgeirsdóttir, Garðar Gíslason, stórkaupmaður, frú Ásta L. Björnsdóttir og Hjörtur Hjartarson, kaupmaður.



Hús Oddfellowreglunnar við Tjörnina.

in í landinu, greiðan aðgang að fólki og fénaði, og jafnframt var þetta umhverfi kjörinn vettvangur fyrir holdsveikina. Hann nefnir einnig, að á bæ einum hafi lækni verið sóttur til konu í barnsnauð, en hún var þá í rúmi þar sem holdsveikur maður hafði legið og ekki var haft fyrir því að skipta um sængurfatnað, sem vísast hefur

heldur ekki verið til. Og mörg fleiri dæmi taldi dr. Ehlers upp sem staðfesti ógurlegt ástand í heilbrigðismálum þjóðarinnar. Hann var félagi í Oddfellowreglunni dönsku og er ekki að orðleggja það, að hann varð hvatamaður fjársöfnunar sem hrundið var af stað innan Reglunnar í samráði við Dr. Petrus Beyer, stórsir Reglunnar

og tekið var til óspilltra málanna við bygginguna, var aðeins eitt eftir, sem Dr. Petrus Beyer sagði í skýrslu til dönsku Stórstúkunnar að verið hafi eins og kóróna á allt saman. En það var að stofna fyrstu Oddfellowstúkuna á Íslandi. Það er mála sannast, að sárafáir Íslendingar höfðu heyrt Oddfellowreglunarn getið fyrr en fréttist af fjársöfnuninni í Danmörku Íslendingum til handa. En eftir það komu ýmsir málsmetandi menn sér saman um, að tími væri kominn til að stofna til slíkrar Reglu hér á landi. Og það varð úr, að hinn 1. ágúst 1897 var stofnuð stúka nr. 1, Ingólfr. Stofnendur stúkunnar voru aðeins 5, þeir Björn Jónsson, ritstjóri og síðar ráðherra; Guðmundur Björnsson, héraðslæknir og síðar landlæknir; Sighvatur Bjarnason, bankabókari og síðar bankastjóri Íslandsbanka; Guðbrandur Finnbogason, ræðismaður og Halldór Daniélfsson, bæjarfógeti, síðar hæstaréttardómari. Sá síðastnefndi léði svo einn af sölum bæjarstjórnarinnar og vígði Dr. Petrus Beyer hann til Regluafnota og veitti framangreindum mönnum inngöngu í Regluna.

Dr. Petrus Beyer kom svo aftur í júlí 1898 til þess að vígja spítalann, sem tekinn var í notkun 1. október 1898. Það er talið að hann hafi kostað með öllum búnaði og 60 rúmum 130 þúsund krónur. Til gamans má geta þess, að þá voru árslauð ráðsmannsins á staðnum, Guðmundar Böðvarssonar kaupmanns frá Hafnarfirði, 1.500 krónur, ráðskonan hafði 300 krónur í árslauð og gjaldkerinn fékk 600 krónur fyrir sína vinnu eftir árið. Það væri fróðlegt að vita hvað tilsvarendi spítali myndi kosta nú á dögum.

Við Jón hættum okkur ekki út í svo umfangsmikið reikningsvafstur, enda hætt við að útkoman yrði ekki raunhæf. Þess vegna heldur Jón áfram sögunni um Holdsveikraspítalann í Laugarnesi.

„Sjúkrahúsið fylltist skjótlega, því mánuði frá opnun þess voru komnir þangað 58 sjúklingar. Allt til ársins 1926 komu nýir sjúklingar til dvalar nær árlega.

Mig langar til að segja hér frá merkingu manni, sem dvaldi á Laugarnesspítalanum frá 16 ára aldri og kom þangað haustið, sem spítalinn tók til starfa. En það var Sigurður Kristófer Pétursson, skáld og rithöfundur. Hann hafði smitast af holdsveiki 7 ára gamall, en virðist aldrei hafa verið mikið veikur. Hann dvaldi samfleytt á spítalanum í 27 ár. Honum auðnaðist að læra tónfræði og þrátt fyrir sínar krepptu hendur af völdum sjúkdómsins, smíðaði hann langspil. Hann lagði stund á erlend tungumál, og jafnframt því sem hann lærði sjálfur kenndi hann öðrum sjúklingum eftir mætti. Árið 1924 kom út eftir hann bók sem hann nefndi *Hrynjandi íslenskrar tungu*. Hann orti ljóð og sálma, þeirra á meðal sálminn „*Drottinn vakir*“. Það sem mér finnst svo sérstaklega eftirtektarvert við þennan mann er, að hann varð aldrei bitur eða kaldur vegna órlaga sinna. Þetta sýnir og sannar sálarstyrk hans.

Eitt sinn hafði yfirhjúkrunarkonan, frk. Harriet Kjær, sem var dönsk, spurt hann hvort hann hefði aldrei langað til að þroska hjá sér dulrænar gáfur. „Hin eina dulargáfa sem ég óska að þroska með sjálfum mér er sú, að geta séð það góða í öllum mönnum,“ svaraði hann þá. Hann lést í Laugarnesspítala 19. ágúst 1925 aðeins 43 ára gamall. Þeim sem áhuga hafa á ættfræði þykir sjálfsagt fróðlegt að vita, að Sigurður þessi var móðurbróðir Halldórs E. Sigurðssonar, fyrrverandi ráðherra. En þetta var nú útdúrd.

Í júlí 1940, þegar breska setuliðið lagði

í Danmörku. Féð átti síðan að nota til sjúkrahússbyggingar fyrir holdsveika hér á landi. Oddfellowbræður sjálfir gáfu 60 þúsund krónur í söfnun þessa en 20 þúsund voru fengnar með frjálsum framlögum.

Þegar þessu marki var náð og bygging sjúkrahúss í sjónmáli, sendi danska Reglan tvo menn til Íslands, þá Dr. Petrus Beyer Stórsir og Christian Thuren, húsameistara, til þess að undirbúa spítalamálið. Dr. Petrus Beyer var læknir og skildi þess vegna vel þýðingu þessa sjúkrahúss fyrir Íslendinga. Það er almennt viðurkennt, að hann hafi verið einhver mesti leiðtogi, sem Oddfellowreglan hefur eignast á Norðurlöndum hingað til. Hann var stórsir í samfelld 36 ár. Verkefni þetta var verðugt og féll vel að meginhugsjón Oddfellowbræðralagsins.

En nú þurfti landrými undir spítalann og finna þurfti hentugan stað.


„Þrír staðir komu til greina,“ heldur Jón áfram. „Það voru Bessastaðir, Rauðará og Laugarnes. Bessastaðum var strax hafnað, þeir þóttu svo langt í burtu að ómögulegt væri að nota sjúkrahús þar við kennslu fyrir læknanema. Rauðará var aftur á móti full nærri bænum. Bæjarbúar voru dauðhræddir við smíðunina, sem af því myndi stafa. Þess vegna var Laugarnes valið, því að sýnt þótti, að ef Alþingi léti leggja þangað veg, yrði varla meira en hálfra stundar gangur úr Reykjavík. Svona litu þessi mál út fyrir 90 árum og margt hefur breyst síðan þá hvað vegalengdirnar varðar hér í borg, svo ekki sé nú minnst á annað.“

### FIMM STOFNUÐU FYRSTU STÚKUNA

Þegar sjúkrahússmálið var komið í höfn



Mynd tekin á 25 ára afmælishátíð stúku nr. 10, Þorfinns Karlsefnis, 24. janúar, 1987. Á myndinni eru m.a. frú Helga Benediktsdóttir, Kristján Óli Hjaltason, framkvæmdastjóri, frú Halldóra Jónsdóttir, Jón Sigtryggsson, frú Úndína Gísladóttir og Jón K. Þórðarson, múrarmeistari.



Jón Sigtryggsson stórsír Oddfellowreglunnar, afhendir Eggert Ásgeirssyni framkvæmdastjóra Landsráðs gegn krabbameini, framlag Oddfellowreglunnar, 420 þúsund.

spítalann undir sig, voru þar aðeins 17 sjúklingar, sem voru þá fluttir á Kópavogshælið. Það var svo árið 1975 sem síðasti holdsveiki-sjúklingurinn lést þar, og þar með var holdsveiki úr sögunni á Íslandi. Endalok þessa merka sjúkrahúss urðu þau, að það brann til kaldra kola 7. apríl 1943.

### ÚR BÆJARÞINGSALÍ TJALD SEM FAUK

En þótt spítalinn sé horfinn úr Laugarnesinu og heyri minningunum til, eiga Oddfellowbræður feikilega haglega gert líkan af honum og öllum smáhúsunum sem honum tilheyrðu, en það voru líkhús, pakkhús, sótt-hreinsunarhús og hesthús. Hlutföllin eru 1:100 og Jón segir að þetta sé nákvæm eftirmynd spítalans gamla. Leita þurfti eftir teikningum af honum í Kaupmannahöfn og París, því hér fannst ekki nokkur hlutur þeim viðkomandi. En mikið var lagt upp úr því að gera verkið sem best úr garði.

Líkan þetta er gjöf til Oddfellowreglunnar frá stúku nr. 9, Þormóði góða, í tilefni 25 ára afmælis stúkunnar árið 1985. Teikningarnar eru eftir Gunnar M. Theodorsson, arkitekt, en módelmsíðina annaðist Egil Strange. Þeir voru á annað ár að undirbúa þetta verk og vinna. Líkneskið er geymt undir gleri og stendur á veglegum stað í salarkynnum Oddfellowhússins.

Þá má líka nefna, að yfir einum dyrunum hangir málplata, æði orpin og furduleg útlits. Þó má vel greina einkennismerki Oddfellowreglunnar, þrjá samofna hringi sem tákna vináttu, kærleika og samleika. Einnig sést ártalið 1898. Þarna er komin plata sem hirt var úr brunarústunum og hékk yfir aðaldyrunum á Laugarnesspítalanum endur fyrir löngu. Og nú fékkst skýringin á útliti plötunnar sem vel gæti hæft nútíma listaverki.

Varla hefur alltaf verið svona veglegt umhorfs í húsakynnum Reglumanna á Íslandi, eða hvað hefur Jón Sigtryggsson um það að segja?

„Nei, þar er langur vegur frá. Fyrsti aðsetursstaðurinn var í bæjarþingsalnum í Reykjavík, eins og fyrr er greint frá, en það er gamla Hegningarhúsið á Skólavörðustígnum. Síðan var fengið tjald frá Danmörku, svokallað Döckerstjald eða Döckershús, og var það reist þar sem Fríkirkjan stendur nú. En það endaði ævi sína í Tjörninni, því það fauk í ofsavæðri 14. nóvember 1898. Þá fékk stúkan inni til bráðabirgða í „Gúttó“ hjá góðtemplurum, og var þar þangað til 1901, en þá fengu stúkubræður leigða hæð í Kirkjuhvoli, sem Jón Sveinsson snikkari átti, en hann var félagi í stúkunni. Og þar voru þeir til 1915 að Ingólfshvöll við Hafnarstræti var keyptur. Húsið hafði skemmst mikið í brunanum mikla í miðborginni 1915 og fórst þá einn stúkubróðir, Guðjón Sigurðsson, úrsmiður, eigandi hússins. Ingólfshvöll var síðan seldur Landsbankanum 1928 með leigurétti í 5 ár. Síðan var ráðist í byggingu Oddfellowhússins við Vonarstræti og hófust framkvæmdir hinn 12. september 1931. Var hornsteinn þess lagður 1. ágúst 1932 af þáverandi Stórsír Reglunnar í Danmörku, Christian Skeel. En til vígsluhátíðar var efnt 7. desember 1932.

Frá þeim tíma hefur það verið aðsetursstaður Oddfellowreglunnar á Íslandi, enda var það teiknað og skipulagt algjörlega með þarfir Reglunnar og stúknanna í huga.“

### EIÐSVARNIR FÉLAGAR

Á meðan þessi frásögn fór fram, gekk Jón með mér um húsið, en nú erum við komin að athvarfi hans, eins og hann nefnir vinnuherbergi sitt. Við komum okkur notalega fyrir og mér dettur í hug að biðja



25 ára afmælishátíð Rebekkustúku nr. 4, Sigríðar, 19. jan. 1985. Hér eru þær af stofnendum stúkunnar, sem voru á hátíðinni. Fremri röð, frá vinstri: Sigríður Kragh, Katrín Pétursson, Jónína Blumenstein og Sigríður Thoroddsen. Aftari röð, frá vinstri: Ragnhildur Konráðsson, Ásta L. Björnsdóttir, Brynhildur Sigþórsdóttir, Anna Petersen, Halldóra Sveinbjörnsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Kristín Magnúsdóttir, María Dalberg, Unnur Runólfssdóttir og Elin Egilsdóttir.

hann að útskýra nafngiftina Oddfellow.

„Það eru reyndar skiptar skoðanir um uppruna þess og merkingu. Í fornu ensku máli hét eiður að og var borið fram od. Síðan er talið að ritháttur orðsins hafi breyst vegna sambandsins við orðið fellow, og þar af leiðandi þýði Oddfellows eiginlega eiðsvarnir félagar. Og ég ætla, að flestir hallist helst að þessari skýringu.

En ef við leitum uppruna þessarar Reglu, þá er talið að hún liggi langt aftur í aldir, jafnvel til Forn-Egypta og Assíríumanna. Þó auðvitað ekki í því formi sem við nú þekkjum. Og sé þetta rétt, ná þessir þræðir að minnsta kosti 11000 ár aftur í tímann. En álitid er, að þessar fornu Reglur hafi verið einhverskonar líknar- og mannúðarsamtök líkt og Oddfellowreglan og ýmiss önnur líknarsamtök eru nú á dögum. Á miðöldum komu fram í Englandi samtök sem voru kölluð guilds eða gildi, og á 18. öld kom fram Regla sem kölluð var Druida-regla hin yngri. Það er álitid að þær nútímarreglur sem við þekkjum séu sprotnar úr þessum jarðvegi.

Í opinberu safni í Hardwich í Skotlandi er til stofnbref Oddfellowfélags, útgefið 7. maí 1643. Þar stendur að Oddfellowreglan hafi verið stofnuð 5. febrúar 1537. Síðan fara nú litlar sögur af þessum samtökum um nokkurt árabíl. En á tímum Hinriks VIII voru klaustrin og ýmsar aðrar mannúðarstofnanir sem þá voru starfandi í Bretlandi lagðar niður og þess vegna er talið að sú ráðstöfun hafi ýtt undir stofnun þessa Oddfellowfélags sem þarna fara sögur af. Á 18. öld virðist aðal aðsetur Reglunnar hafa verið í London.

Thomas Wildey var enskur og flutti Regluna til Bandaríkjanna árið 1819. Á þeim tíma geisadi þar bólusótt og honum þótti brýnt að stofna samtök svo unnt væri að hjálpa nauðstöddu fólki. Og þar kom að hann fékk til liðs við sig fjóra innflutta Oddfellowbræður frá Englandi, og í Baltimore í Bandaríkjunum var Reglan stofnuð 26. apríl 1819 og það er talinn stofndagur þeirrar Reglu, sem við tilheyrum. Hún barst til Evrópu, Þýskalands og Sviss árið 1871

og til Danmerkur 1878, og voru Reglubræður þar því búnir að starfa saman í 20 ár þegar þeir réðust í það stórvirki að safna fé til byggingar sjúkrahúss á Íslandi.“

Þegar hér er komið sögu, berst talið aftur að stofnendum Reglunnar hér á landi og Jón vekur athygli á því, að Björn Jónsson, ritstjóri, hafi verið faðir Sveins Björnssonar, fyrsta forseta íslenska lýðveldisins. Annar sonur hans var Ólafur Björnsson, ritstjóri, er andaðist á besta aldri, 35 ára, árið 1919. En synir hans voru þeir Björn Ólafsson, forstjóri, sem nú er nýlátinn.

Sérstakur umboðsmaður Stórsírsins í Danmörku — svonefndur umdæmisvara-Stórsír — var fyrst skipaður hér árið 1906 og var Guðmundur Björnsson, landlæknir, skipaður í embættið. Hann gegndi því til 1918 og var þá Halldór Daníelsson, hæstaréttardómari, sipaður í það og gegndi því til 1920. En þá tók við Klemens Jónsson, landritari og síðar ráðherra, og gegndi hann embættinu til dánardægurs 1930, er Eggert Claesen var skipaður í það.

Hinn 1. ágúst 1933 var stofnuð hér stórstúka með takmörkuð réttindi, svokölluð landsstórstúka og var Eggert Claesen kosinn fyrsti yfirmaður hennar (stórmeistari). Hann gegndi embættinu til 1936, er Brynjólfur Björnsson, tannlæknir, tók við og gegndi því til 1939. Árið 1939 var Hallgrímur Benediktsson, stórkaupmaður, kosinn yfirmaður Reglunnar og var það til 1945. En þá var Magnús Jochumson, póstmestari, kosinn í embættið og gegndi hann því í 20 ár, til 1965.

Árið 1949 var landsstórstúkan sjálfstæð og óháð stórstúka og breyttist þá embættisheiti yfirmannsins í stórsír. Árið 1965 var Magnús J. Brynjólfsson, stórkaupmaður, kosinn yfirmaður (stórsír) Oddfellowreglunnar og var það til dánardægurs 1973. Sveinn Björnsson, stórkaupmaður, var yfirmaður Reglunnar frá 1973 til 1981, er við tók núverandi stórsír, Jón Sigtryggsson, fyrrv. aðalbókari Iðnaðarbanka Íslands hf.

### ÞJÓÐPRIFAMÁL

Mörg og merkileg verk hafa þeir Odd-

fellowbræður innt af hendi í þágu almennings, og nú er Jón beðinn að skýra nánar frá þeim.

„Það var árið 1903 að hreyft var þeirri hugmynd að beita sér fyrir stofnun hjúkrunarfélags, sem varð að veruleika, og lét í té ókeypis hjúkrun í heimahúsum ásamt öðru. Það starfaði til ársins 1934. Þetta félag var styrkt af ýmsum líknarfélögum, en Oddfellowfélagar báru mestan hluta kostnaðar við það.

Árið 1906 var Heilsuhælisfélagið stofnað og var Guðmundur Björnsson, landlæknir, aðalforkölfurinn í því máli. Markmiðið var að beita sér fyrir stofnun allsherjarfélags með undirdeildum víðsvegar um landið og gangast með því fyrir öflugum vörnum gegn berklaveikinni. Lokatakmarkið var svo að koma upp berklahæli. Var boðað til almenns borgarafundar í Bárubúð hinn 13. nóvember 1906 og mættu þar yfir 300 manns. Var félagið stofnað og þegar hafist handa um fjáröflun. Var safnað fé innan Reglunnar og utan, en að auki var fengið lán frá Danmörku. Draumurinn rættist, því 5. september 1910 varð Vífilstaðaspítali, hæli fyrir berklaveika, að veruleika. Það var rekið á vegum félagsins til ársins 1916 að Lands-sjóður tók allan rekstur hælisisins í sínar hendur. Og ég við að það komi skýrt fram, að engum einum manni er meira að þakka árangurinn í baráttunni gegn berklaveikinni en Sigurði G. Sigurðssyni, sem skipaður var berklayfirlæknir 1935. Hann var óhemju ötull maður í því starfi og lét framkvæma skoðanir á fólki um land allt. Þess er vert að geta hér, að hann var í áratugi félagi í Oddfellowreglunni.

Sjúkrasamlag var stofnað árið 1909 að tilhlutan Oddfellowreglunnar, og starfaði það á svipuðum grundvelli og nú þekktist allt til ársins 1937, en þá tók Tryggingastofnun ríkisins yfir þá starfsemi.

Þá komum við að Radiumsjóðnum, sem fyrst er nefndur í ársbyrjun 1918, en markmiðið var að koma á fót radíumlækningum hér á landi og var afraðið að stofna Radiumfélag. Sjö mánuðum síðar lögðu Oddfellowar fram um 50 þúsund með frjálsum samskot-

um, en það sem á vantaði lagði almenningur fram og einnig komu frímúrarar þarna við sögu. Og þar með hófust þessar lækningar.

Á þessum árum var mikið um heilsutæp börn í Reykjavík, sem eflaust hefur stafað af m.a. næringarskort. Þá hófst í stúkunni umræða um sumarvöl fyrir börn og var geysimikill áhugi fyrir því máli öllu, enda þörfin mikil. Og 1. júlí til 1. ágúst 1919 dvaldi fyrsti barnahópurinn, rúmlega 20 börn, á vegum Oddfellowa á Brennistöðum í Borgarfiði og naut þar góðrar umönnunar. Árangurinn lét ekki á sér standa, því börnin döfnuðu vel og þeim fór fram með ólíkindum. Þessu var svo haldið áfram næstu sumur. Síðan stóð Reglan fyrir byggingu barnaheimilis á Silungapólli, sem margir muna eflaust eftir, en það tók til starfa sumarið 1931 og var ólíkt heppilegra að þurfa ekki að fara lengri leið með börnin. Þetta heimili var rekið fram yfir árið 1949, en þá tók Rauði krossinn við því og seinna Reykjavíkurborg.

Árið 1969, þegar Alþjóða-Oddfellowreglan var 150 ára, gáfu allar Regludeildir á Íslandi kóbaltgeislátæki til Landspítalans og síðar, eða 1972, var gefið geislalækningatæki, einnig á Landspítalann, í tilefni 75 ára afmælis Oddfellowreglunnar á Íslandi, og stóðu bræður í stúkunni Ingólfi fyrir því.

Og svo ég haldi nú þessari upptalningu áfram, þá lagði Reglan í heild um 1/2 milljón króna í landssöfnun gegn krabbameini árið 1982. Árið 1984 lagði hun fram 1 milljón króna til Landssambands hjartasjúklinga, sem þá safnaði fé til hjartasónartækis, sem búið er að kaupa.

Barnaheimilin í Tjaldanesi og Skálatúni, Málleysingjaskólinn, sjúkrahús víða á landinu, þar sem Oddfellowstúkur eru starfandi, og ýmsir aðrir hafa notið góðs á verkum Oddfellowstystkina. Það má gjarnna koma fram hér, að sl. 5 ár hefur Reglan varið 22 milljónum króna til líknar- og mannúðarmála, eða um 4,4 milljónum á ári til jafnaðar.

Helstu liðir eru: Til dvalarheimila aldraða 6,2 millj., til sjúkrahúsa (lækningatæki o.fl.) 4 millj., til fatlaðra og þroskaheftra 2,7 millj., til krabbameinsvarna 2 millj., til hjartalækninga 1,5 millj. og svo eru ýmsir með lægri upphæðir.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á, að það fé sem Reglan í heild og stúkurnar leggja af mörkum á þennan hátt, er eingöngu safnað innan vébanda Oddfellowreglunnar sjálftrar, framlög félaganna sjálfra, enda er það eitt af grundvallaratriðunum sem fara ber eftir í okkar félagsstarfi. Sérstaka athygli hefur vakið framúrskarandi ótult og mikið starf Rebekkusystra að líknar- og mannúðarmálum, en þær hafa einkum helgað sig aðstoð við blinda og fatlaða og einnig aldraða í seinni tíð.

Rétt er einnig að vekja athygi á því, að í samtökum okkar eru ekki fjársterkari einstaklingar en gengur og gerist í flestum öðrum félögum á landi hér.

Þetta er orðin löng og glæsileg upptalning, því að á bak við allar þessar tölur felst þrotlaus vinna og ómæld ósérhlífni í þágu annarra sem minna mega sín. En í lokin varð að fljóta með eftirfarandi spurning:

#### EKKI LEYNIFÉLAGSSKAPUR – EN LOKAÐUR

Af hverju hvílir öll þessi leynd yfir Oddfellowreglunni?

Jón lítur á mig umburðarlyndum augum og segir síðan með þeirri hægð sem honum er láginn:

„Oddfellowreglan er ekki leynifélagsskapur í eðli sínu. Mannúðarmál eru ekki leyndarmál. Þeir sem verða aðnjótandi verka okkar og við taka eru þess auðvitað meðvitadír. Nei, ég vil heldur nefna hana lokaðan félagsskap. Við getum sem best líkt henni við fjölskyldu, því hver fjölskylda á sér sín eigin einkamál sem hún kærir sig ekki um að verði almenningsseign. Þannig er það hjá okkur í Oddfellowreglunni. Við eigum okkar einkamál sem ekki er ætlast til að farið sé með út til almennings. Í því felst fyrst og fremst leyndin, sem mörgum finnst hvíla yfir starfsemiinni.“

Þetta ætti ekki að vera svo erfitt að skilja. Það er komið að lokum dvalar minnar með Jóni Sigtryggssyni, stórsir Oddfellowreglunnar á Íslandi, og víst er um það að margt er ég fróðari eftir heimsóknina.

En látum Jóni eftir síðustu orðin:

„Markmið Oddfellowreglunnar er að útbreiða grundvallarlögmál vináttunnar, kærleikans og sannleikans meðal manna, að styrkja þá í kærleika til Guðs og náunga síns og kenna þeim, að ekki er nægilegt að láta sitja við orðin tóm. Þeir verði að láta þessi heilræði stjórna öllum athöfnum sínum, til þess að hver einstakur geti á þann hátt og eftir megni stuðlað að því, að mennirnir verði betri og fullkomnari.“

# Enginn endurgeldur bros eða brosir til þín

## Ferðasögubrot frá landi Gorbasjevs, Tolstoys, Puskins og Tchaikovskys

### EFTIR ODDNÝJU BJÖRGVINSDÓTTUR

*Og lengi mun þjóð mín heiðra mig  
Því harpa mín var stillt á gæskuríka  
góðvild*

*A grimmi öld, söng ég um frelsi  
og grátbað Réttlætisgyðjuna um  
miskunn, í blindni hennar.*

Þannig hljóðar eitt ljóða Puskins í hrárrí þýðingu. En Puskin er eitt vinsælasta ljóðskáld Rússa. Hann hefur náð að syngja sig inn í þjóðarsálina.



Á Rauða torginu í Moskvu.

**H**vernig er móðir Sovétríkjanna, höfuðborg fyrir um 220 milljónir manna, borgin á hæðunum sjö, þaðan sem Napóleon sneri sigraður og þangað sem Hitler náði aldrei, þegar hann réðst að baki Stalín bandamanni sínum.

„Moskva er höfuðborg 30 annarra landa,“ segir í ferðapésanum fyrir framan mig, „höfuðborg stærsta heimsveldisins.“

Það er erfitt að gera sér stærðina í hugar-

lund. Þó má hugsa sér að þegar fyrsti morgunroðinn er að lýsa himininn í Khabarovsk í Austri, þá er sólin að setjast í Minsk og Kiev í vestri. Og þegar heimskautavindar blása í Yakutia, liggja sólbaðsdyrkendur á ströndum Svartahafs.

Þjóðsögur frá Norður-Rússlandi leiða okkur inni snævíðar túnur, þar sem frosthörkur og ísbyljir ráða ríkjum og þar sem hundar og hreindýr eru bestu vinir mannsins. Við sjáum ungar hetjur fyrri alda þeysa á hestbaki yfir hæðir og dali, sem eru græn á sumrin, en klædd þykkri snjóbreiðu á veturna — á meðan yndisfagrur keisaraynjur sitja og bíða eftir þeim í útskornum tréturnum, þrýddum steindum gluggum.

Hvernig skyldi fólkið vera í þessu risalandi? Síðir og venjur hljóta að vera margbreytilegar. Sovéska þjóðfélagskerfið og leiðtogarnir eru miklu meira í sviðsljósinu heldur en síðir og venjur allra tugmilljónanna sem búa þar. Gaman væri að fá tækifæri til að skyggast aðeins inn í þjóðarsálina.

#### FLOGIÐ INN Í FROSTIÐ

Við erum stödd í þotu frá British Airways og erum að lækka flugið eftir rúmlega 3 klst. flug frá London. Rússneska Aeroflot er fljótari í förum, flýgur líka eftir annarri fluglínu sem Bretar mega ekki nota. Tortryggni er því miður býsna algeng í samskiptum stórveldanna, eins og eftirfarandi orð flugstjórans bera með sér. „Farþegum er eindregið ráðlagt að vera ekki með myndavélar uppi við á flugvellinum. Það er stranglega bannað að taka myndir. Það eina sem ég get sagt ykkur um veðrið er að það er kalt-kalt. Frostið er um og yfir 20 gráður, hrímþoka og snjómugga.“ Ekki virðist veðrið ætla að leika við okkur og kaldur hrollur blandast saman við eftirvæntinguna og hríslast niður eftir bakinu. Hvernig er þetta land sem við erum að fljúga inn í? Er fólkið þar eins frosið og náttúran?

Hvítur skýjabakki, loðinn og óræður gráfir yfir óþekktu landi. Margvíslegar línur teiknast á himininn fyrir ofan skýjabakkann, órætt táknetur, flókið eins og rúss-



Sirkusfólk í málverki Picassos í Pushkinsafninu.